

4. desember 2012

1211164

Nefndasvið Alþingis  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 20. nóvember 2011 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um þingsályktunartillögu um endurskipulagningu á lífeyrissjóðakerfinu, 40. mál.

Tillagan gengur út á að skipuð sé nefnd sem vinni að endurskipulagningu og yfirferð lífeyrissjóðakerfisins þannig að jafnvægi milli lífeyrissjóðanna og almannatryggingakerfisins verði aukið. Nefndinni er ætlað að ljúka störfum eigi síðar en í júní 2013.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er lagt til að „...stuðst verði við blandað kerfi sjóðsmyndunar og gegnumstreymis þar sem það er áhættuminna og gerir okkur kleift að leggja af verðtryggingu og auka jöfnuð. Mikilvægt er að auka vægi almannatryggingakerfisins sem fyrst og nota það til að tryggja öllum lágmarkslífeyri. Lífeyrissjóðum verður ekki falið að sjá um samtrygginguna, aðeins ávöxtun viðbótarlífeyrisins. Þessi tilhögun mundi leiða til þess að hætt yrði að nota samtrygginguna, sem innbyggð er í starfsreglur flestra lífeyrissjóða, sem réttlætingu þess að skuldsett heimili séu látin bæta tap sjóðanna. Fjármagna á lífeyrisgreiðslur almannatrygginga sem duga til framfærslu með skatti á inngreiðslur í lífeyrissjóðina.“

Verði ofangreind hugmynd að veruleika væri um grundvallarbreytingu að ræða á lífeyriskerfinu. Henni verður varla hrint í framkvæmd án þess að áður fari fram mjög ítarlegar rannsóknir og úttektir á framkvæmd og útfærslu breytinganna. Þannig er ljóst að áætlaður tímarammi verksins er þröngur. Seðlabanki Íslands telur að sú stefna að byggja lífeyriskerfið á sjóðskerfi, í stað gegnumstreymiskerfis, sé skynsamleg þó vissulega sé hún ekki gallalaus. Seðlabankinn mun veita nánari umsögn um endurskipulagningu lífeyriskerfisins þegar hugmyndir að breytingum þess verða orðnar skýrari.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

Sigríður Benediktsdóttir  
framkvæmdastjóri